

# Saga ÍSTAKS

Saga ÍSTAKS hefst í raun með múrverksfyrirtækinu E. Phil & Søn sem verkfræðingurinn Kay Langvad keypti árið 1947. Kay var sjálfstæður athafnarmaður í Danmörku en var giftur íslenskri konu, Selmu Guðjohnsen. E. Phil & Søn haslaði sér völl við ýmisskonar verklegar framkvæmdir m.a. við hafnargerð í Danmörku og gerð vatnsvirkjana á Íslandi. Fyrirtækið óx og dafnaði næstu tvo áratugi og var þá Søren, sonur Kay og Selmu, orðinn atkvæðamikill í fyrirtækinu. Búrfellsvirkjun var fyrsta stóra vatnsaflsvirkjun Íslendinga og sáu E. Phil & Søn um framkvæmdir á henni ásamt sænsku fyrirtæki og Almenna byggingarfélaginu en því verki lauk að mestu árið 1970.

Eftir byggingu Búrfellsvirkjunar stofnuðu Langvad-feðgarnir og fjórir Íslendingar fyrirtækið Íslenskt verktak sf. Þann 18. nóvember 1970 var fyrirtækinu breytt í hlutafélag og heitið skammstafað ÍSTAK. Síðar var nafni Íslensks verktaks hf. formlega breytt í ÍSTAK hf.

Fyrstu verkefni ÍSTAKS voru miðlunarframkvæmdir við Þórisvatn, Vatnsfellsveita og stækkun Búrfellsvirkjunar. Fjölmörg verkefni hafa fylgt í kjölfarið og má þar nefna áfanga hringvegarins, jarðgöng undir Hvalfjörð, verksmiðju Norðuráls á Grundartanga, ýmis jarðgangnagerð, mislæg gatnamót í Mjódd, prentsmiðu Morgunblaðsins, Skarfabakka við Sundahöfn, Helguvík, Álverið, Hrauneyjafossvirkjun, aðveitulagnir við Hellsheiðarvirkjun, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, IKEA í Garðabæ, Ráðhús Reykjavíkur og svo mætti lengi áfram telja.

Einkunnarorð ÍSTAKS eru framkvæmdagleði í fyrirrúmi og fela þau í sér yfirgripsmikla þekkingu á þeirri tækni og vinnuaðferðum sem þarf til að sinna fjölbættri verktakastarfsemi. Markmið ÍSTAKS er að mæta þörfum íslensks, sem og erlends, markaðar fyrir byggingar, önnur mannvirki og aðrar verklegar framkvæmdir og veita viðskiptavinum góða þjónustu.

ÍSTAK hefur ávallt lagt áherslu á að hafa tæknimenn og reynda verkstjóra við stjórnun og framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækið tekur að sér og tryggir þannig að gæði og afhendingartími fullnægi kröfum verkkaupa.

Árið 2015 keypti danska verktakafyrirtækið Per Aarsleff AS 100% hlut ÍSTAKS. Með þessum kaupum var kominn mjög góður grunnur að áframhaldandi rekstri ÍSTAKS hér á Íslandi og tryggðu kaupin að ÍSTAK er í flokki stærstu verktaka á

Íslandi.

**Í bókinni um ÍSTAK** er að finna ítarlegar upplýsingar og myndir um verkefni og sögu ÍSTAKS frá upphafi.